

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Alþingisreitur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 10. ágúst 2022, breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst leiðrétting á gildandi deiliskipulagi vegna hæða húsa. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 31. ágúst 2022.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 6. september 2022